

SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur

Aðalfundargerð 2023

Fimmtudaginn 9. mars 2023 kl. 19:00

Haldinn í karaokesal Ölvers, Álfheimum 74.

1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 19:10.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Magnús Halldórsson skipaður fundarstjóri og Ingibjörg Ingvadóttir skipuð fundarritari og var það samþykkt.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.

Mættir voru 10 félagsmenn af 610.

3. Skýrsla stjórnar

Herdís las skýrslu stjórnar.

4. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu

Lagður var fram ársreikningur 2022 og farið yfir niðurstöður hans.

Niðurstaða rekstrar ársins var jákvæð sem nemur kr. 428.746 og eigið fé í árslok var jákvætt að upphæð kr. 1.534.395.

5. Umræður um skýrslu og reikninga allir samþykkir og enginn mótfallinn.

Hinrik spurði hvað hefði verið mikill hagnaður af hverjuundi. Það var kíkt í skýrsluna og það var reiknað út lauslega og rætt.

Að loknum umræðum var ársreikningur samþykktur samhljóða.

6. Lagabreytingar

Bæta við félagsfundur auglýsa „með tryggum hætti með 8 virkra daga fyrirvara.“

Lagabreytingar samþykktar samhljóða.

7. Kosning formanns

Herdís Anna Þorvaldsdóttir bauð sig áfram fram til formanns og var það samþykkt samhljóða.

8. Kosning stjórnar og varastjórnar - fjórir í stjórn og tveir í varastjórn

Erna Héðinsdóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Valdimar Páll Halldórsson gáfu áfram kost á sér sem meðstjórnendur og var það samþykkt samhljóða.

Aðalsteinn Friðriksson og Magnús Halldórsson gáfu kost á sér í varastjórn og var það samþykkt samhljóða.

9. Kosning félagslegra skoðunarmanna - tveir skoðunarmenn

Benedikt Hjartarson og Heiðrún Hauksdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Kosið í sjóviðburðanefnd:

Birna Björnsdóttir, Heiða Mjöll Stefánsdóttir, Hinrik Ólafsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Magnús Halldórsson gáfu áfram kost á sér í sjóviðburðanefnd sem sér um að skipuleggja hefðbundin sund, og var það samþykkt samhljóða.

Kosið í skemmtilegu nefndina:

Ragnheiður Valgarðsdóttir, Kristín Komplett Helgadóttir, Sigrún Þ. Geirsdóttir, Harpa Hrund Berndsen, Kristbjörg Valgarðsdóttir og Elín Eiríksdóttir sögðu sig ekki formlega úr skemmtilegu nefndinni sem sér um ýmsa skemmtilega viðburði.

Kosning gjaldkera:

Magnea Hilmarsdóttir gaf áfram kost á sér sem gjaldkeri og var það samþykkt samhljóða.

Ákvörðun félags- og þátttökugjalda:

Félagsgjöld fyrir árið 2023 kr. 5.500.

Félagsmenn sem hafa greitt félagsgjald 2023 fá frítt í Fossvogssund og greiða kr. 2.500 fyrir Synt út í Viðey.

Aðrir greiða kr. 7.000 fyrir Fossvogssund og greiða kr. 10.000 fyrir Synt út í Viðey.

Félags- og þátttökugjöld voru samþykkt samhljóða.

Ákvörðun dagsetninga fyrir sundin verður tekin seinna.

Það kom til tals að halda skemmtilegan stærri fund til að gefa öðrum kost á að bjóða sig fram í sjóviðburðarnefnd, sem sér um að skipuleggja hefðbundin sund. Kosning í skemmtilegu nefndina frestað þar til á skemmtilega fundinum, en sú nefnd sér um ýmsa aðra skemmtilega viðburði

Annað:

Hinrik kom með hugmynd:

(Poppup) Kynningartjald í vikinni : Hægt að fá Kukl t.d. afhenda fólki litla miða, auglýsingar, músík, með logo-ið okkar uppi, sýna hvernig og hvar á að skrá sig í félagið. Sýna hvað kostar í sundin.

Kannski fá GG sport til að sponsa þetta. Vera með tjald, QR-kóði.

Sundsambandið til í að aðstoða okkur í víðavatnssundi sagði Valdi.

Hinrik minntist á að tala við landhelgisgæsluna, þyrilan með í sundunum, bara æfing að fljúga yfir sundið ekki koma nálægt sundinu sjálfu.

Herdís talar við Georg í landhelgisgæslunni.

Halda skyndihjálparnámskeið í maí og bjóða öllum sem hafa verið að aðstoða okkur í sundunum á námskeiðið. Ingibjörg hefur samband við Magnús Hákonar.

Hafa Ofkólnunarfyrrlestur í ágúst/sept.

Erna og Birna Björns tala við Öggu og gá hvort hun se til í að setja á pólsku inn á fb síðu SJÓR.

Skoða að gera kort fyrir félagsmenn.

Skoða pumpu til að losa loftið úr baujunum.

Á landhelgisgæslan baujur til að merkja leiðina í sundinu til viðeyjar.

Fundi slitið kl. 20:10

Mættir voru:

Herdís Anna

Magnús Halldórsson

Ingibjörg Ingvadóttir

Magnea Hilmarsdóttir

Hinrik Ólafsson

Valdimar Halldórsson

Erna Héðins

Birna Björnsdóttir

Björn Ægir Valgerisson

Snorri Kristjánsson